

94.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 27.september 2018 kl. 17.00. Mættir: Aron, Guðbrandur, Erla Kristín, Gry. Alex sat fundinn gegnum tölvu. Þórunn og Hulda boðuðu forföll. Viðar sat fundinn.

Þetta gerðist:

- **Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.**

Bókuð var stjórnarsamþykkt sem hafði verið gerð í tölvupósti:

Stjórn hefur samþykkt að veita félögum frest til 10. okt um að senda inn tilnefningar í landsliðs 2019, enda á stjórn eftir að samþykkja og birta lágmörk í aldurstengdum flokkum.

- **Mótaskrá 2019.**

Tillaga mótanefndar var samþykkt með einni breytingu. Gry birtir hana.

- **Landsliðslágmörk unglunga.**

Ákveðið var að byggja lágmörkum á árangri í viðkomandi flokkum á HM unglunga undanfarinna þriggja ára og nota útreikninga Arons. Gry birtir

- **Endurskoðun laga KRAFT**

Hulda, Erla og Guðbrandur eru að skoða drög að nýjum lögum. Sú vinna heldur áfram.

- **RIG**

Samþykkt að Kraftlyftingadeild Ármanns hafi umboð til að framkvæma RIG 2019. KRAFT greiðir fyrir lyfjapróf, þátttökugjaldið og fyrir sjónvarpsútsendingar. Viðar verði fulltrúi sambandsins í undirbúningi og framkvæmd.

- **Styrkjamál**

Ákveðið að leggja áherslu á að leita styrkja til starfsins. Viðar útbýr kynningargögn og sendir á stjórn.

- **Önnur mál:**

Norðurlandamót unglunga er afstaðið og fór vel fram. Alex, Guðbrandur og Gry sögðu frá. Stjórn þakkar KFA fyrir framkvæmdina.

Sambandið þarf að kaupa farandbikara í bekkpressu og klassískri bekkpressu kvenna og karla. Viðar sér um kaupin.

- Ákveðið að klára lýsingu á nauðsynlega aðstöðu til iðkunnar. Gry tók það að sér.

Ákveðið að Gry verði fulltrúi Íslands á IPF congress 2019

Fundi slitið kl. 18.15

Fundaritari: Gry Ek